



Samþykkt

Vegna fasteignaskattsálagningar 2006 skal viðhöfð sama regla og í gildi hefur verið hjá Bláskógabyggð undanfarin ár, þ.e.a.s. að fasteignaeigendum sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar eða meira fá niðurfelldan fasteignaskatt af þeirri íbúð sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum.

Vegna fasteignaskattsálagningar 2007 skal reikna út afslætti af fasteignaskatti út frá tekjuviðmiðun. Forsendur þess að umsækjandi geti fengið afslátt af fasteignaskatti er útlistað í 3. grein reglna um lækkun, niðurfellingu eða styrki vegna fasteingaskatts í Bláskógabyggð.

3. gr.

Tekjulitlir elli- og örorkulífeyrisþegar

Fasteignaeigendum sem eru 67 ára og eldri eða 75% öryrkjar eða meira geta sótt um afslátt af fasteignaskatti þeirrar íbúðar sem þeir eiga og búa í og ekki er nýtt af öðrum. Viðkomandi verður að skila inn til skrifstofu sveitarfélagsins skriflegri umsókn fyrir 1. maí ár hvert ásamt staðfestu skattframtali næstliðins árs. Umsókn öryrkja skal enn fremur fylgja vottorð um örorkumat. Við ákvörðun afsláttar skal einnig tekið tillit til tekna maka. Umsóknir eru afgreiddar af sveitarstjóra á grundvelli tekjuviðmiðunar sem sveitarstjórn ákveður ár hvert.

Tekjuviðmiðun til elli- og örorkulífeyrisþega vegna lækkunar fasteingaskatts fyrir árið 2007 er eftirfarandi:

Lækkun		Kr.		Kr.
100%	Einstaklingur með tekjur allt að			1.850.000
80%	Einstaklingur með tekjur frá	1.850.000	til	2.050.000
50%	Einstaklingur með tekjur frá	2.050.000	til	2.270.000
25%	Einstaklingur með tekjur frá	2.270.000	til	2.500.000

Bent skal sérstaklega á að frá og með fasteignaskattsálagningu 2007 verður að sækja skriflega um afslátt af fasteignaskatti fyrir 1. maí ár hvert. Umsókninni skal fylgja staðfest skattframtal. Með umsókn öryrkja skal einnig fylgja vottorð um örorkumat.

Ákvörðun um afslátt af fasteignaskatti verður samkvæmt 3. grein ofangreindra reglna Bláskógabyggðar að teknu tilliti til ofangreindrar tekjuviðmiðunar.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Bláskógabyggðar þann 14. mars 2006.

Valtýr Valtýsson
sveitarstjóri Bláskógabyggðar